



Nr. 37 1. tbl., 18. árg., janúar 2016

eiga að tryggja verndun örnefna og nafngiftahefðar á Íslandi og heyra örnefni undir menntamálaráðherra.

Ný myndgögn

Til að tryggja rétta staðsetningu örnefna er þörf fyrir nákvæm myndgögn og undanfarin ár hefur stofnunin notað loftmyndir frá Samsýn og ýmis gervitunglagögn í eigu stofnunarinnar. Í byrjun vetrar bættust við loftmyndir frá Loftmyndum ehf. sem bakgrunnsgögn við skráningu og opnar sú viðbót á nákvæma skráningu örnefna á öllu landinu en það gefur fleiri aðilum tækifæri til að koma að þessu mikilvæga verkefni.

Örnefnavinir

Eins og áður var nefnt þá hafa Landmælingar Íslands átt gott samstarf við heimildamenn víða um land við skráningu örnefna og er ljóst að án þeirra væri árangurinn ekki nærri eins góður og raun ber vitni. Þar má m.a. nefna Kirkjubæjarstofu sem kortlagði örnefni í gamla Hörgslandshreppi, menningarfélagið Urðarbrunn sem vinnur með bændum í Þingeyjarsveit, öflugt starf einstaklinga í Eyjafirði og síðast en ekki síst Félag aldraðra í Borgarfirði sem var nokkurs konar brautryðjandi í slíkri skráningu heimamanna og er nú á lokametrunum í sinni skráningu.

Í Örnefnum hafa tveir örnefnavinir verið öflugir í skráningunni en þeir eru gott dæmi um það frábæra fólk sem starfar með Landmælingum Íslands að þessu mikilvæga verkefni. Gunnþóra Gunnarsdóttir frá Hnappavöllum skráði og staðsetti um 600 örnefni og Sigurgeir Jónsson á Fagurhólsmýri skráði og staðsetti um 800 örnefni. Bæði notuðu þau örnefnaskráningarveftól Landmælinga Íslands og örnefnalýsingarjarða frá nafnfræðisviði Árnastofnunar ásamt fleiri heimildum. Sigurgeir lést þann 27. nóvember sl. eftir skammvinn veikindi en hann var elsti skráningaraðili stofnunarinnar sem skráði beint inn í örnefnagrunn.

Yfir 100.000 staðsett örnefni í örnefnagrunni Landmælinga Íslands

Í desember síðastliðnum náðist sá skemmtilegi áfangi að yfir 100.000 örnefni hafa verið staðsett og skráð í örnefnagrunn Landmælinga Íslands. Mikið átak hefur verið í skráningu örnefna á undanförunum áratug og hafa um 10.000 örnefni bæst í grunninn á hverju ári. Nú starfa tveir starfsmenn stofnunarinnar í fullu starfi við skráningu örnefna og aðstoð við skráningaraðila utan stofnunar en tveir starfsmenn að auki sinna skráningu með öðrum verkefnum.

„Öðruvisi“ landupplýsingar

Örnefni eru skráð í örnefnagrunn sem flákar, línur eða punktar. Að auki fylgir skráningunni tilvísun í heimild fyrir örnefninu og svokallaður nafnberi sem segir til um hvaða fyrirbæri ber nafnið, s.s. hóll, hylur eða tún. Að þessu leyti eru örnefni hefðbundin landupplýsingagögn en það er þó ýmislegt

sem greinir þau frá öðrum landupplýsingum Landmælinga Íslands. Þar má fyrst nefna að staðsetning örnefna er varðveisla menningarminja og oft er verið að kortleggja landið eins og það var en ekki eins og það er, eins og algengast er í nútíma kortlagningu þar sem aldur landupplýsinganna er hvað mikilvægastur. Annað sem mætti nefna er að stór hluti skráningarinnar er unninn af áhugafólki utan stofnunarinnar, svokölluðum skráningaraðilum örnefna eða örnefnavinum. Þar er um að ræða einstaklinga og félög sem hafa sérþekkingu á ákveðnu svæði og skrá, staðsetja eða hjálpa til við skráningu og staðsetningu örnefna beint ofan í grunn Landmælinga Íslands í gegnum netið. Þriðja atriðið sem aðgreinir örnefnagrunn Landmælinga Íslands frá öðrum landupplýsingum stofnunarinnar er sú staðreynd að um örnefni og örnefnagrunn landsins gilda sérstök lög. Þau lög



Landmælingar Íslands 60 ára

Upp úr aldamótunum 1900 var lagður grunnur að þeim mælingum hér á landi sem kort af Íslandi byggðust á til margra ára þegar danska hermálaráðuneytið ákvað að hefja átak í landmælingum og kortagerð á Íslandi. Verkefnið stóð yfir í 27 sumur á árunum 1900 til 1940. Samvinna dönsku landmælingastofnunarinnar, Geodætisk Institut, og Landmælinga Íslands sem þá voru hluti af Vegagerðinni stóð yfir allt til ársins 1955. Í ársbyrjun 1956 varð til ný ríkisstofnun

sem sett var yfir verkefnið landmælingar, loftmyndatökur og gerð korta af Íslandi og hlaut hún nafnið Landmælingar Íslands. Í ár eru því liðin 60 ár síðan Landmælingar Íslands voru stofnaðar. Fyrstu rúmlega 40 árin var stofnunin staðsett í Reykjavík en í byrjun ársins 1999 flutti hún starfsemi sína á Akranes.

Gríðarlegar breytingar hafa orðið á starfseminni á þessum 60 árum, bæði hlutverki stofnunarinnar og lögum sem tilheyra henni. Þá hafa einnig orðið

miklar breytingar á tækni þar sem öll landupplýsingagögn eru nú orðin stafræn og aðgengileg án endurgjalds á vef stofnunarinnar. Allt er þetta í anda þeirrar þróunar sem hefur átt sér stað í tækniheiminum í lok 20. aldarinnar og byrjun þeirrar 21.

Í tilefni af 60 ára afmælinu er nú verið að undirbúa ráðstefnu sem verður haldin þann 20. maí næstkomandi. Ráðstefnan verður haldin í Tónbergi, sal Tónlistarskólans á Akranesi og verður hún nánar auglýst síðar.



Starfsmenn Landmælinga Íslands ásamt Sveini Runólfssyni landgræðslustjóra.


Stefnumótun 2016 til 2020

Á haustmánuðum 2015 fór fram vinna við stefnumótun Landmælinga Íslands fyrir árin 2016 til 2020. Í kjölfarið var

meginstefna stofnunarinnar endurskoðuð og er hún afrakstur vinnu allra starfsmanna. Stefnskjalið byggir einnig

á lögum um starfsemina og nýlegum stefnumótandi skjölum er varða Landmælingar Íslands. Vinnan við stefnumótunina bar keim af þeim miklu breytingum sem hafa orðið á starfsemi Landmælinga Íslands á síðustu árum og að notkun landupplýsinga hefur aukist mjög mikið undanfarin ár s.s. á sviði framkvæmda, skipulagsmála, umhverfismála og vöktunar á náttúruvá. Þá hefur notkun landupplýsinga aukist mikið í tengslum við snjalltæki og aukna ferðamennsku. Á næstunni verður stefnumótunarskjalið gefið út og birt á vef stofnunarinnar.

CORINE og loftslagsmál



Útbreiðsla votlendis á Íslandi samkvæmt CORINE-flokkuninni 2012. Minnstu kortlögðu blettir eru 25 ha og mjóstu fyrirbæri 100 m á breidd.

Landmælingar Íslands hafa síðan 2007 tekið þátt í samevrópsku landflokunarverkefni, CORINE (Coordination of Information on the Environment) sem miðar að eftirliti með breytingum á landgerðum og landnýtingu í álfunni. CORINE-flokkunin er uppfærð á sex ára fresti með sömu aðferðum í öllum Evrópulöndum og eru nýjar gervitunglamyndir notaðar til þess að kortleggja breytingarnar. Í CORINE eru

alls 44 landgerða-/landnýtingarflokkar og af þeim fyrirfinnst 32 hér á landi. Minnstu kortlögðu einingar eru 25 ha og mjóstu fyrirbæri 100 m á breidd en breytingar eru kortlagðar með 5 ha nákvæmni. Fyrsta CORINE-flokkunin hér á landi miðaðist við árið 2000 en síðan hefur hún verið uppfærð fyrir árin 2006 og 2012. Næsta uppfærsla er ráðgerð 2018.

Í kjölfar sóknaráætlunar ríkisstjórnar

Íslands í loftslagsmálum sem kynnt var nýlega er ljóst að gögn CORINE-verkefnisins munu nýtast vel til að meta stöðu, umfang og árangur aðgerða á næstu árum en m.a. verður unnið að endurheimt votlendis og jöklar landsins vaktadír. Myndin sýnir útbreiðslu votlendis á Íslandi samkvæmt niðurstöðum CORINE. Flatarmál mýra á Íslandi telst vera 7013 km² og nær því yfir 6,8% af heildarflatarmáli landsins. Flatarmál mýra hefur lítið breyst á undanförunum árum en hefur þó örlítið minnkað eða um 5 km² milli 2000 og 2006 og 14 km² milli 2006 og 2012 aðallega vega túnræktar. Framræstar mýrar flokkast aðallega sem graslendi eða tún og bithagar og sjást framræsluskurðirnir vel á þeim gervitunglamyndum sem notaðar eru við flokkunina.

Samkvæmt niðurstöðum CORINE var heildarflatarmál jökla á Íslandi 11.082 km² árið 2000 en minnkar um 180 km² eða 1,62% til 2006 þegar það mælist 10.901 km². Bráðnun jöklanna heldur áfram eftir 2006 og árið 2012 er flatarmálið 10.600 km². Milli 2006 og 2012 hafa jöklarnir því rýrnað um 267 km² eða 2,42%. Hvergi sjást hins vegar merki um að jöklar hafi skriðið fram á tímabilinu 2000 – 2012.



Breytingar 2000-2006. Landgerðabreytingar 2000 – 2006 samkvæmt CORINE-flokkuninni. Jöklabreytingar eru settar fram með sterkum rauðum lit en aðrar breytingar eru sýndar með daufari bleikum lit. Helstu breytingar aðrar en hop jökuljaðra eru breytingar á farvegum jökulfljóta á Suðurlandi og norðan Vatnajökuls.



Breytingar 2006-2012. Landgerðabreytingar 2006 – 2012 samkvæmt CORINE-flokkuninni. Jöklabreytingar eru settar fram með sterkum rauðum lit en aðrar breytingar eru sýndar með daufbleikum lit. Líkt og fyrir tímabilið 2000 – 2006 eru helstu breytingar hér rýrnun jöklanna og breytingar á farvegum nokkurra helstu jökulanna á söndunum sunnan og norðan Vatnajökuls. Ein annars konar áberandi breyting er tilkoma Háslóns norðan Vatnajökuls.



Í einni af ferðum ferðaklúbbsins 4x4 sem færin var í mars 2013 á innfeldu myndinni er Haflið S. Magnússon.

Saknaði landmælingageirans

Síðastliðið haust var Hafliði S. Magnússon ráðinn í starf umsjónarmanns tölvukerfis hjá Landmælingum Íslands. Hafliði er tölvunarfræðingur að mennt og starfaði síðast hjá Símanum. Við tókum Hafliða tali og spurðum fyrst hvað það hafi verið sem vakti áhuga hans á starfinu.

„Ég byrjaði að vinna við landupplýsingakerfi í kringum 1989 þegar Reykjavíkurborg var að velja sitt kerfi og vann við landupplýsingakerfi til ársins 2003. Meðal annars var ég tæknistjóri LUKR (Landupplýsingakerfi Reykjavíkur) í fimm ár. Árið 1995 flutti ég ásamt

fjölskyldu minni til Noregs og vann þar sem Senior System Administrator hjá GEODATA AS, umboðsaðila ESRI í Noregi og Íslandi á þeim tíma. Þá var ég í stjórn GI Norden í allmörg ár sem annar af tveimur fulltrúum Íslands. Það má segja að ég hafi mikið unnið innan landmælingageirans og að vissu leyti saknaði ég þeirrar vinnu eftir að ég fór í önnur störf“.

Hafliði býr í Reykjavík og ferðast með gula vagninum til og frá vinnu á hverjum degi. Hvernig gengur að ferðast til og frá Akranesi? „Það er bara fínt að ferðast með strætó, vagninn er 55 mínútur á

leiðinni og tímann er hægt að nota til að slaka á og fá sér smá kríu. Ég á heima rétt hjá stoppistöðinni þannig að það tekur ekki nema 5 mínútur að ganga í strætó, svo maður tali nú ekki um hvað þetta er umhverfisvænn ferðamáti“.

Hafliði er fjölskyldumaður og aðspurður segir hann að áhugamálin séu jeppamenska, andleg málefni og stangveiði. Í frístundum ferðast hann með félögum sínum um hálendið og hefur oft farið þvert yfir landið að vetri til í misgóðu veðri og færð.



Könnun á vef Landmælinga Íslands

Í lok árs 2015 stóðu Landmælingar Íslands fyrir könnun á vef stofnunarinnar. Meðal þess sem kannað var voru heimsóknir á vefinn, hvers konar efni notendur vefsins voru að leita að, spurt um útlit hans, ánægju með hann og hvaða hópi svarendur tilheyrðu. Þá var í könnuninni spurt um

traust til Landmælinga Íslands.

Í ljós kom að 78% svarenda þekka til vefsins og fara inn á hann reglulega en flestir eru að leita að kortum, kortasjá eða örnefnasjá. Um 75% svarenda segjast vera fljótir að finna það sem þeir leita að, 70% segja að vefurinn sé auðveldur í notkun og 81% segja að

hann gefi til kynna að að baki honum sé fagmannleg og áreiðanleg stofnun. Tæplega 70% segjast vera ánægðir með vefinn og flestir sem heimsækja hann segjast gera það vegna áhuga, vinnu eða útivistar. Þá kemur fram að 64% þeirra sem heimsækja vefinn eru áhugamenn um landupplýsingar. Í könnuninni var spurt um traust til Landmælinga Íslands og var niðurstaðan sú að 84% bera mikið traust til stofnunarinnar.

Í [úttekt á opinberum vefjum](#) sem innanríkisráðuneytið stóð fyrir á síðastliðnu hausti má sjá að nytsemi vefs Landmælinga Íslands er mjög mikil eða 100% og sama má segja um innihaldið sem einnig mældist 100%. Í úttektinni mældist vefur stofnunarinnar vel yfir meðaltali opinberra vefja með 83 stig af 100 mögulegum.

eENVplus

Lokafundur eENVplus

Þann 3. desember síðastliðinn var [lokafundur eENVplus verkefnis-ins](#) haldinn í Róm á Ítalíu en Landmælingar Íslands í samstarfi við Umhverfisstofnun hafa verið aðilar að verkefninu. eENVplus verkefnið er styrkt af Evrópusambandinu og snýst um að samnýta verkfæri og verkferla sem hannaðir hafa verið í tengslum við ýmis umhverfisverkefni Evrópusambandsins og nýta við framkvæmd og innleiðingu ýmissa tilskipanna þess, s.s. um loftgæði, landnotkun, umhverfisvernd og grunngerð landupplýsinga.

Landmælingar Íslands tengjast verkefninu í gegnum INSPIRE-tilskipun Evrópusambandsins <https://youtu.be/xew6ql-6wNk> og undanfarin tvö ár hefur verið unnið að því að samræma gögn er varða stjórnsýslumörk, vegi og

friðlýst svæði að kröfum INSPIRE. Þá hefur verið unnið með ítölskum aðilum að gerð smáforrits fyrir snjalltæki til að kortleggja ýmis náttúrfyrirbrigði og náttúruskemmdir og þannig nýta gagnþjónustur frá Landmælingum Íslands. Á heimasíðu verkefnisins er hægt að [nálgast mörg námskeið](#) sem snúa að innleiðingu INSPIRE og tæknimálum er tengjast henni.

Með þátttöku í eENVplus verkefninu hafa Landmælingar Íslands fengið mikla reynslu og um leið aðstoð í tengslum við innleiðingu INSPIRE. Þátttakan hefur m.a. fleytt stofnuninni á svipaðan stað og önnur Evrópuríki eru stödd varðandi innleiðinguna, þrátt fyrir þriggja ára frest sem EFTA löndin hafa á henni. Á heimasíðu Landmælinga Íslands má finna [upplýsingar um verkefnið](#).

Kortastofnun Danmerkur skipt í tvær stofnanir

Eitt af markmiðum ríkisstjórnar Danmerkur er að auka umfang ríkisreksturs á landsbyggðinni með því að flytja opinber störf út á land m.a. til að örva atvinnulífð utan höfuð-borgarinnar. Í tengslum við þessa stefnu var ákveðið að skipta starfsemi dönsku kortastofnunarinnar, Geodata-styrelsen, upp í tvær stofnanir; annars vegar Geodatastyrelsen sem nú er staðsett í Álaborg og hinsvegar í nýja stofnun Styrelsen for Dataforsyning og Effektivisering sem er staðsett í Kaupmannahöfn.

Í Styrelsen for Dataforsyning og Effektivisering verður unnið að ýmsum þróunarverkefnum og grunngerð landupplýsinga sem Geodatastyrelsen hefur lagt áherslu á undanfarin ár. Stuðlað verður að enn viðtækari not-kun stafrænna landupplýsingagagna, skipulagi þeirra og auðveldu aðgengi til að skapa betri ramma fyrir fyrirtæki til að auka vöxt sinn. Lögð er sérstök áhersla á að öll opinber stafræn gögn séu aðgengileg og gjaldfrjáls á einum stað.

Nýja Geodatastyrelsen mun sjá um skráningu og afmörkun fasteigna í Danmörku auk þess að bera ábyrgð á sjómælingum og sjókortagerð við strendur Danmerkur, Grænlands og Færeyja. Einnig sér stofnunin um sölu og dreifingu á gögnum.



F.v. Steinunn Aradóttir, Þóroddur Bjarnason og Magnús Guðmundsson.

Landmælingum Íslands kleift að skila rafrænum skjölum til Þjóðskjalasafns hefur nú verið undirritaður samningur við Hugvít hf. um rafræna skilalausn, sem er viðbót við GoPro skjalavistunarkerfið. Þessu mikilvæga skrefi á eftir að fylgja hagræðing sem felst í minni prentkostnaði og vinnu við frágang skjala. Landmælingar Íslands hafa einnig aðlagð starfsemi sína að „Grænum skrefum“ í ríkisrekstri, en þar er m.a. markmiðið að gera starfsemi ríkisins umhverfisvænni og draga úr rekstrarkostnaði. Með rafrænum skilum til Þjóðskjalasafns eru mikilvæg „Græn skref“ tekin hjá Landmælingum Íslands. Á heimasíðu Hugvits má nálgast [nánari upplýsingar um skillausnina](#).

www.lmi.is

Undirritun samnings um rafræna skilalausn

Landmælingar Íslands hafa um árabil notað rafræna skjalavistunarkerfið GoPro til að skrá og halda utan um skjöl og upplýsingar stofnunarinnar auk þess að nýta hugbúnaðinn í verkefna-

stjórnun. Samkvæmt lögum ber opinberum stofnunum og ráðuneytum að afhenda öll skjöl til Þjóðskjalasafns Íslands og hefur fram til þessa þurft að prenta þau á pappír. Til þess að gera

Útgefandi: Landmælingar Íslands

Stíllholti 16-18, 300 Akranes · Sími 430 9000 · lmi@lmi.is · www.lmi.is

Ábyrgðarmaður: Eydís Lindal Finnbogadóttir · Ritstjórn: Jensína Valdimarsdóttir o.fl. · Ljósmyndir: Guðni Hannesson o.fl.

Kvarðinn janúar 2016